

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um skipan ferðamála, nr. 73/2005, með síðari breytingum.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Katrín Júlíusdóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir,
Kristján L. Möller, Valgerður Bjarnadóttir, Helgi Hjörvar.

1. gr.

Á eftir 28. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:
Ferðþjónustureikningar skulu unnir árlega sem hluti þjóðhagsreikninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2015.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að ferðþjónustureikningar (e. tourism satellite accounts) verði unnir árlega sem hluti þjóðhagsreikninga. Ferðþjónustureikningar hafa það hlutverk að meta efnahagsleg áhrif ferðþjónustu á þjóðarbúskapinn. Helstu hagtölur í ferðþjónustu byggjast á niðurstöðum um útgjöld eða kaup erlendra ferðamanna á Íslandi, útgjöldum Íslendinga á ferð um eigið land og útgjöldum Íslendinga á leið til annarra landa og á ferðalagi erlendis.

Byrjað var að birta ferðþjónustureikninga í tíð fyrsta flutningsmanns sem iðnaðarráðherra en ferðamálin voru á þeim tíma flutt til iðnaðarráðuneytisins. Þá voru sérstakar fjárveitingar til verksins og Hagstofan annaðist vinnuna og fékk greitt fyrir hana skv. 14. gr. laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð. Lagagreinin heimilar stofnuninni að afla sértekna og taka gjald fyrir sérþjónustu í hagskýrslugerð eða aðra tiltekna þjónustu.

Regluleg birting ferðþjónustureikninga var langvinnt baráttumál ferðþjónustunnar. Hún og stjórnvöld í ferðamálaum töldu á þeim tíma mikilvægt fyrir greinina jafnt sem landsstjórnina að fá reglulega þá greiningu á umfangi og þróun ferðþjónustunnar sem reikningarnir spegla. Vinnsla þeirra svaraði því brýnni þörf. Eigi að síður hafa ferðþjónustureikningar ekki verið unnir hin síðari ár, væntanlega vegna niðurskurðar.

Með hliðsjón af sívaxandi mikilvægi ferðþjónustu fyrir Íslendinga verður hins vegar að telja að ekki sé síður brýnt en áður að birta slíka reikninga árlega. Í þeim felast mikilvægar hagrænar upplýsingar sem nýtast í stefnumótun hjá bæði stjórnvöldum og greininni sjálfri. Full ástæða er því til að festa þá í sessi.

Hér er lagt til að ákvæði þess efnis verði bætt við lög um skipan ferðamála, enda nátengt efni þeirra. Jafnframt þarf að tryggja fastar fjárveitingar til verksins í fjárlögum og semja við Hagstofuna um vinnslu reikninganna.